



Judosamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Fyrsti fundur stjórnar Judosambands Íslands

Haldið í B+C sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal ásamt „Teams“
Þriðjudag 12. nóvember 2024 kl. 19:00.

Mættir eru:

Gísli F. Egilson, formaður stjórnar
Ásgeir Ásgeirsson, stjórnarmaður
Ægir Valsson, stjórnarmaður
Sigmundur Magnússon, stjórnarmaður (Teams)
Alexandra Lis, stjórnarmaður (Teams)
Björn Hjaltested Gunnarsson, stjórnarmaður
Eyjólfur Orri Sverrisson, varamaður no 2
Ásbjörn Blöndal, varamaður no 3

Fjarverandi:

Daníela Rut Daníelsdóttir, stjórnarmaður
Logi Haraldsson, varamaður no 1

Gísli F. Egilson formaður JSÍ setur fund, leggur fram og kynnir dagskrá fundar.

1. Þinggerð 53. Judopings JSÍ 2024 lögð fram til samþykktar.

Gísli formaður stjórnar lagði fram þinggerð 53. Þing JSÍ til samþykktar, en hún var einnig send á alla stjórnarmeðlimi. Var hún samþykkt.

2. Verkskipting stjórnar JSÍ

Formaður lagði til eftirfarandi verkaskiptingu:
Daníela Rut Daníelsdóttir yrði varaformaður.
Björn Hjaltested Gunnarsson yrði gjaldkeri.
Alexandra Lis yrði ritari

– Orri samþykkir að rita fundi á meðan Aleksandra er úti í námi. Hún kemur til landsins í kringum áramót.

Verkaskipting samþykkt samhljóma.

3. Fjármál.

Almenn umræða um málaflokk en ekki er um digra sjóði að ræða. Sambandið þarf að takmarka fjárútlát við tekjur úr afrekssjóði. Aðrar tekjur fara að mestu í hluta sambandsins í úthlutun úr afrekssjóði. Sambandið er að mestu rekið í sjálfboðavinnu. Sífellt fækkar þó sjálfboðaliðum og takmarkað fjármagn sambandsins gerir uppbyggingu starfsins að erfiðri raun. Afreksiðkendur fjármagna sig að mestu sjálfir. Nauðsynlegt er að finna leiðir til að auka fjármagn sambandsins til uppbyggingar afreksstarfsins og almennt íþróttarinnar í heild.



4. Starfsmannamál.

Tillögur að breytingum á starfsmannamálum lagðar fram. Nefnt að ráða inn Afreksstjóra sem mun sjá um uppbyggingu afreksstarfs. Mikil vinna hefur verið unnin í kringum þessi mál af Bjarna Skúlason og Þormóði Árna Jónssyni í afreksnefnd og var m.a. Robert Erikson fyrrverandi landsliðsþjálfari Svía fenginn til landsins til þess að fræða um uppbyggingu afreksstarfs í judo. Mikið fékkst frá Robert Erikson og eru til nóg af gögnum frá honum sem hefur verið unnið með. Tillaga er um að afreksstjóri nýti þá vinnu sem hefur verið unnin og komi afreksstarfi sambandsins í þann ramma. Með afreksstjóra væri afreksnefnd sem gæti komið að störfum sem við kemur uppbyggingu afreksmála sambandsins:
Landsliðsþjálfari færi eftir leiðbeiningum afreksstjóra.

5. Nefndir JSÍ.

Gísli lagði til uppkast að nefndum og var umræða um þær. Betra utanumhald þyrfti að koma á nefndarstörfum.

Eftirfarandi nefndir voru mannaðar sl. ár og þarf stjórn að fara yfir þær:

- Tækniráð
- Dómaranefnd
- Markaðs- og útbreiðslunefnd
- Afreksnefnd
- Kvennanefnd

Gísli leggur til að reyna að manna og bæta við eftirfarandi nefndum:

- Menntanefnd, sjá til þess að þjálfaramenntun JSÍ sé virk.
- RIG Nefnd, þörf er á að huga að umræddu en stuttur tími er í raun til stefnu, mörg mál sem þarf að huga aðeins og t.a.m fá afreksfólk á mótið ofl.
- Mótanefnd, nefnd sem myndi hafa umsjón með skipulagningu móta.

Ákveðið var að nefndir yrðu yfirfarnar og reynt að manna nýjar nefndir. Stefnt að ákvörðun um skipun nefnda á næsta fundi.

6. RIG 2025.

Umræða um þennan lið var tekin fyrir undir lið 5.

7. GSSE 2025.

Smáþjóðaleikarnir eru í júní og þarf að huga hvernig standa skal að þeim. Ákveðið að nota punktakerfi eins og áður var gert. Valið á long list verður eftir punktakerfi. Umræðan beindist að punktakerfinu sem var fínt tól til þess að sjá virkni og frammistöðu keppenda á mótum.

8. Þing Evrópska Judosambandsins.

Gísli sækir þingið fyrir hönd JSÍ.

9. Judomanager og vefsíða.

Vefsíða hefur verið uppfærð og er aðgengilegra að sækja gögn og myndir. Stefnt er að því að bæta vefsíðu JSÍ enn frekar.



Tillaga barst til stjórnar frá UMFS um að JSÍ þyrfti að uppfæra skráningarkerfi sitt. Þá var umræða um að taka upp „Judomanager“ sem er kerfi sem haldið getur utanum Judo starf, mótaskráningu og gráðanir meðal annars. Kostnaður er til skoðunar.

10. Formannafundur JSÍ.

Gísli er með á dagskrá að halda Formannafund aðildarféлага sem fyrst, með þeim tilgangi að efla samskipti og upplýsingaflæði til féлага. Fundur verður boðaður fljótlega.

11. Uppskeruhátíð JSÍ.

Uppskeruhátíð verður haldin laugardaginn 14. desember.

12. Önnur mál.

Ægir tók til máls varðandi „vigtun fyrir mót“, en umræða hafði verið um málaflokk á síðasta þingi. Hugmyndir voru ræddar hvernig hægt væri að útfæra mál, hugmyndir ræddar um „5%“ reglu, hvort hægt væri að nota frekar 3%, eða 1 Kg, en þá möguleiki á að vigta í heimabæ. Þarf að skoða frekar, með tilliti til þeirra reglna sem eru í gildi.

Fundi slitið um 21:30

Gísli F. Egilson formaður JSÍ þakkaði fundarmönnum fyrir fund. En næsti fundur stjórnar settur 26.11.2024.